

**Grunnskólinn í Hofgarði**

**Hofi Öræfum**

**Sveitarfélaginu Hornafirði**

**Skýrsla um sjálfsmat skólaárið 2019-2020**



# Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Aðferðafræði og framkvæmd.....	2
Niðurstöður .....	3
Túlkun á niðurstöðum .....	4
Umbótaáætlun .....	5
Fylgiskjal 1: Stefna Grunnskólans í Hofgarði.....	6
Fylgiskjal 2 . Spurningarlisti fyrir nemendur .....	9
Fylgiskjal 3 . Spurningarlisti fyrir foreldra.....	10
Fylgiskjal 5 Skólanámskrá .....	12
Fylgiskjal 5a Heimasíðan.....	12
Fylgiskjal 6 Hvað námsgreinar hafa nemendur áhuga á.....	13

## Inngangur

Grunnskólinn í Hofgarði í Örfum er einsetinn samkennsluskóli með 6 nemendur í 1. - 10. bekk. Starfsmenn eru: skólastjóri, umsjónarkennari og íþróttakennari sem er líka matráður og skólabílstjóri. Auk þess eru í hlutastörfum tónlistarkennari og umsjónarmaður hússins. Skólabílstjóri sér um skólaakstur. Næstu skólar eru á Höfn í Hornafirði og á Kirkjubæjarklaustri, yfir 100 km. leið í hvora átt.

Kennt er í yngri deild 1.-4. bekkur og eldri deild 7.-10. bekkur. Skólastarf er frá kl. 9 – 14:40 alla daga vikunnar. Innan þessa tíma rúmast hefðbundin kennsla og tónlistarnám. Grunnskólinn er í samstarfi við Tónskóla Hornafjarðar, einn starfsmaður í hlutastarfi við tónskólann sér um einstaklingskennslu á hljóðfæri fyrir nemendur sem skrá sig í það. Starfsmaður í mótuneyti sér um að útbúa ávaxtabita um morguninn og heitan mat í hádeginu. Mikil áhersla er lögð á að tengja skólann við nærsamfélagið, bæði hvað varðar félagslíf, leik og störf.

Samvinna foreldra og kennara er nokkur. Í þessari sveit eru fáir sem ekki hafa bein tengsl við skólann, enda er almennur stuðningur íbúa við skólastarfið sem kemur m.a. fram í góðri mætingu á skólaskemmtanir.

*Sjá fylgiskjal 1 um Stefnu Grunnskólans í Hofgarði*

Í þessari matsskýrslu er fjallað um sjálfsmat skólans veturinn 2019-2020, framkvæmd þess, niðurstöður og umbótaáætlun. Gerð var fimm ára áætlun þar sem allir þættir skólastarfsins eru skoðaðir, sumir þættirnir eru skoðaðir einu sinni á tímabilinu en aðrir oft.

Veturinn 2019-2020 munum við kanna eftirfarandi þætti:

- a) Líðan nemenda
- b) Skólanámskrá yfirfarin og uppfærð
- c) Heimasíðan yfirfarin og uppfærð
- d) Samstarf foreldra í félagsstarfi og námi.
- e) Áhugi nemenda á námsgreinum
- e) Lesskilningur og lestraráhugi

Í matsteymi skólans voru Brynja Kristjánsdóttir skólastjóri og Hafdís Roysdóttir umsjónarkennari .

Skólanámsskrá var yfirfarin og endurskoðuð veturinn 2019 -2020 og verður endurskoðuð reglulega á næstu árum. Innleiðsla grunnþáttanna í skólafélaginu kallar á tíðari endurskoðun vegna nýrrar hugmyndafræði. Heimasíðan var uppfærð og bætt veturinn 2019-20. Allar niðurstöður eru kynntar foreldrum á sameiginlegum foreldrafundum.

Veturinn 2019-20 er ætlunin að svara þremur rannsóknarspurningum og yfirfara heimasíðuna og skólanámsskrána:

1. Hvernig líður nemandanum í skólanum? Eru foreldrar ánægðir/óánægðir með líðan barna sinna í skólanum?
2. Skólanámsskrá yfirfarin og uppfærð.
3. Heimasíðan yfirfarin og uppfærð.
4. Hvernig finnst foreldrum samstarfið við skólann bæði vegna námsins og félagsstarfsins?
5. Hver er áhugi nemenda á námsgreinum skólans?
6. Staða lesskilnings nemenda í skólanum?

## Aðferðafræði og framkvæmd

- ✓ Hvernig líður nemandanum í skólanum ? Aðferð: spurningalistar um líðan voru lagðir fyrir nemendur (*sjá fylgiskjal 2*) og foreldra (*sjá fylgiskjal 3*) Spurningalistar fyrir nemendur og foreldra voru sendir heim og foreldrar skiluðu listunum í skólann. Skammtímamarkmið er að komast að því hvernig nemendum líður. Við sættum okkur við niðurstöðurnar ef foreldrar og börn eru með besta eða næstbesta svarkostinn í 80% spurninganna. Langtímamarkmið er að nemendur búi við góða líðan.
- ✓ Skólanámsskrá var yfirfarin og uppfærð. Mikilvægt að fara reglulega yfir Skólanámsskrána og bæta og laga eins og hægt er (*sjá fylgiskjal 4*).
- ✓ Heimasíðan var yfirfarin og uppfærð. Mikilvægt að fara reglulega yfir heimasíðuna og bæta og laga eins og hægt er(*sjá fylgiskjal 5*).
- ✓ Hvernig finnst foreldrum samstarfið við skólann vegna náms og félagsstarfs. Markmiðið er að kanna hvort foreldrar og nemendur eru sáttir með námið og félagsstarf skólans og hvort og hvernig sé þá best að laga það. Aðferð: Spurningalistar voru sendir heim og síðan skilað í skólann. Markmiðið er að byggja upp það sem nemendur eru ánægðastir með og reyna að bæta það sem nemendur eru óánægðir með. (*sjá fylgiskjal 6*)

Skammtímamarkmið er að komast að því hvort foreldrar eru sáttir við samstarfið og hvað má helst bæta.Við sættum okkur við niðurstöðurnar er foreldrar eru með besta eða næstbesta svarkostinn í 80% spurninga.

- ✓ Hvað námsgreinar eru nemendur ánægðastir með í skólanum og hvaða námsgreinar eru nemendur óánægðastir með í skólanum? Spurningalistar lagðir fyrir nemendur til að komast að því hvað námsgreinar nemendur eru ánægðastir með og hvaða námsgreinar nemendur eru óánægðastir með, og hvernig má bæta það sem menn eru óánægðir með. Við sættum okkur við ef 80% nemenda eru ánægð eða frekar ánægð með námsgreinar í skólanum. (Sjá fylgiskjal 6)
- ✓ Staða lesskilnings nemenda í skólanum, lesskilningspróf voru lögð fyrir nemendur reglulega í ákveðinn tíma. Orðarún lesskilningspróf voru notuð. Nemendur lásu texta og svörðuðu spurningum.

## Niðurstöður

- ✓ Hvernig líður nemandanum í skólanum, frímínútum og skólabílum? Niðurstöðurnar sýndu að líðan nemenda var almennt góð, nemendur svöruðu næstum alltaf með besta eða næst besta kostinn nema einn sem sagði að sér liði sæmilega og stundum illa. Þegar foreldrar höfðu svarað sínum spurningalista var niðurstaðan sú sama, allir foreldrar töldu að sínu barni/börnum liði vel alltaf eða oftast í skólanum nema foreldrar barnsins sem taldi að sér liði sæmilega/illa. Þrátt fyrir að einn nemandinn sé ekki nógu ánægður þá náðust markmiðin, 80-100% nemenda völdu besta eða næstbesta svarkostinn. Foreldrar völdu alltaf besta eða næst besta svarkost við hverri einustu spurningu nema hjá einum nemanda sem telur að sér líði ekki vel.
- ✓ Skólanámsskrá var yfirfarin og endurskoðuð. Heimasíðan var bæði yfirfarin og uppfærð
- ✓ Hvað námsgreinar eru nemendur ánægðastir með í skólanum og hvaða námsgreinar eru nemendur óánægðastir með í skólanum? Spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur til að komast að því hvað námsgreinar nemendur eru ánægðastir með og hvaða námsgreinar nemendur eru óánægðastir með, og hvernig má bæta það sem menn eru óánægðir með. Niðurstöður sýndu að nemendum fannst flestar námsgreinarnar skemmtilegar og sumar sæmilegar, einn nemandi sker sig þó úr með að finnast flestar námsgreinar sæmilegar eða leiðinlegar og bara ein námsgrein skemmtileg.
- ✓ Eru foreldrar sáttir við nám og félagsstarf barna sinna og samskipti vegna þess. Markmiðið er að átta sig á hvernig best er að haga samskiptum foreldra og kennara til að fylgjast með námi barna sinna. Niðurstöður sýndu að foreldrum finnst ýmist ganga mjög vel eða sæmilega að fylgjast með námi barna sinna. Flestum líst best á að fylgjast með náminu/skólastarfinu á Facebook en einn vill gjarnan fá tölvupóst reglulega og nota samskiptabók. Foreldrar eru ekki jafn sáttir við félagstarf skólans, tveir segjast vera sæmilega sáttir eða ekki sáttir, en foreldrar eru tilbúnir að taka meiri þátt.
- ✓ Allir foreldrar eru sáttir við samskipti við starfsfólk skólans.

- ✓ Lesskilningur er misgóður eftir nemendum en allir geta bætt sig með meiri lestri. Áhuginn á lestri er ekki nægilegur og þurfa nemendur á því að halda að stunda lestur af meira kappi en áður.

## Túlkun á niðurstöðum

- ✓ Líðan: Það þarf stöðugt að fylgjast með líðan nemenda og sjá til þess að hver einstaklingur fái notið sín, bæði með námsleiðir og annan stuðning. Upplifun kennara á þessu skólaári er að almennt séu nemendur sáttir í skólanum og kvarti lítið, en við vitum þó vel að einum nemanda líður ekki alltaf vel og er ekki alltaf sáttur við skólann. Almennt er þó líðan allra nemenda mjög ásættanleg miðað við aðstæður, hvort sem skoðuð voru svör þeirra eða foreldra þeirra.
- ✓ Heimasíðan og skólanámskrá þarf að uppfæra reglulega og fylgja því eftir að setja inn á heimasíðuna.
- ✓ Hvað námsgreinar eru nemendur ánægðastir með í skólanum og hvaða námsgreinar eru nemendur óánægðastir með í skólanum?  
Almennt er hægt að segja að þeir nemendur sem eru ánægðir með námsgreinar sem þeir eru að læra eru líka sáttir og líður vel í skólanum. Vanlíðan hvers konar og óánægja með námsgreinar fylgjast að. Því skiptir það miklu máli að reyna að bæta líðan nemenda og ánægju með að vera í skólanum.
- ✓ Nám og félagsstarf nemenda. Við sjáum að foreldrar vilja gjarnan fylgjast með á Facebook en gott að fá líka tölvupóst og nota samskiptabók. Foreldrar eru ekki nægilega sáttir við félagsstarf skólans það sem kennarar standa fyrir er dagur íslenskrar tungu, jólaföndur, litlu jól, spiladagur á þrettándanum, þorablót, öskudags gleði, árshátíð, leikjadagur að vori og ýmis ferðalög á vegum skólans. Þar sem allir foreldrar voru tilbúnir að taka meiri þátt í félagsstarfi skólans er tilvalið að þeir skipuleggi eitthvað skemmtilegt með nemendum og bæti þannig félagsstarf nemendanna. Allir foreldrar voru sáttir við starfsfólk skólans.
- ✓ Lestur er á undanhaldi og nemendur þurfa að lesa meira og foreldrar og kennarar að lesa meira fyrir börnin.

## Umbótaáætlun

- ✓ Niðurstöðurnar gáfu til kynna að líðan nemenda er almennt góð. Að sjálfsögðu þarf áfram að fylgjast með og vera vakandi fyrir vandamálum sem kunna að koma upp og reyna að vinna úr þeim aðstæðum sem við höfum. Það skiptir miklu máli að reyna að gera allt sem hægt er til að bæta líðan og ánægju í skólanum þá kemur líka meiri áhugi fyrir náminu.
- ✓ Heimasíðan og Skólanámsskráin eru nú uppfærð og endurskoðuð eins og við teljum vera ásættanlegt en að sjálfsögðu munum við áfram þurfa að endurskoða, bæta og uppfæra heimasíðu skólans og skólanámsskrá.
- ✓ Hvað námsgreinar eru nemendur ánægðastir með í skólanum og hvaða námsgreinar eru nemendur óánægðastir með í skólanum? Það þarf að fylgjast með og vinna að því að halda gleði og ánægju með námsgreinar og reyna að bæta það sem nemendur eru ekki eins ánægðir með og nota fjölbreyttari kennsluaðferðir, en líðan nemenda skiptir þarna líka miklu máli og það þarf að bæta.
- ✓ Nám og félagsstarf nemenda. Við höldum áfram að nota Facebook þar sem foreldrum finnst best að fylgjast með og notum líka tölvupóst og samskiptabók. Félagsstarfið finnst okkur vera talsvert en spurning að bjóða foreldrum alltaf að vera með í því og hvetja foreldra til að skipuleggja sjálfir eitthvað félagstarf fyrir nemendur. Það er gott að vita að foreldrar eru sáttir við samskipti við starfsfólk skólans og viljum við gjarnan hafa það þannig áfram. Við viljum að foreldrar geti talað við okkur og við við þau og komið öllu því á framfæri sem þarf.
- ✓ Til að auka lestur þurfum við kennarar að gefa meira svigrúm til yndislesturs og nemendur þurfa meiri þjálfun í alls konar lestri og vinnu með móðurmálið. Sýrja og ræða efni bóka og fréttu og hvetja til samtals um bækur. Um fram allt þurfa nemendur að bæta sig og lesa meira bæði heima og í skólanum. Kennarar og foreldrar þurfa að fylgja því eftir.

Veturinn 2020-2021 er ætlunin að meta:

1. Skólanámsskrá – skoða sérstaklega námsmat.
2. Heimasíðan yfirfarin
3. Líðan nemenda og starfsmanna
4. Smiðjur
5. Aðbúnaður á skólalóð

## Áætlun um sjálfsmat

2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
<ul style="list-style-type: none"><li>• Heimasíðan yfirfarin og uppfærð</li><li>• Líðan nemenda og starfsmanna</li><li>• Smiðjur</li><li>• Aðbúnaður á skólalóð</li><li>• Nám í íslensku og stærðfræði</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Skólanámskrá yfirfarin og uppfærð</li><li>• Heimasíðan yfirfarin og uppfærð</li><li>• Líðan nemenda</li><li>• Tungumálakennsla</li><li>• Aðbúnaður í frímínútum</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Heimasíðan yfirfarin og uppfærð</li><li>• Líðan nemenda</li><li>• Nám í samfélagsgreinum</li><li>• Nám lestur og lesskilningur</li><li>• Tölvur</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Skólanámskrá á uppfærð og yfirfarin</li><li>• Líðan nemenda og starfsfólks</li><li>• Stærðfræði</li><li>• Jákvæðar og neikvæðar hliðar skólans</li><li>• Áhugamál nemenda við skólann</li></ul>

### Fylgiskjal 1: Stefna Grunnskólans í Hofgarði

Í Grunnskólanum í Hofgarði er lögð áhersla á að veita góða almenna menntun með einstaklingsmiðuðu námi, sveigjanlegum og fjölbreyttum kennsluháttum, með áherslu á vellíðan nemenda í leik og starfi. Jöfnum höndum er börnunum kennt bók- og verknám. Reynt er að hvetja þau til að hugsa sjálfstætt og finna lausnir á þeim vandamálum sem upp koma hverju sinni og búa þau undir að fara í aðra skóla.

Farið er í vettvangsferðir af og til þar sem nemendur kynnast náttúrunni og umhverfinu á fjölbreyttan hátt. Við njótum þess að vera í nálægð þjóðgarðsins í Skaftafelli og reynum að nýta okkur það sem samfélagið býður upp á. Skólinn styður það að nemendur taki þátt í árstíðabundnum störfum heima fyrir, svo sem smalamennsku, réttum, sauðburði og fleiru sem tengist tilveru þeirra í sveitinni. Nokkrum sinnum á skólaárinu er farið á Höfn og farið í skólann þar einnig er reynt að efla ýmis konar menningartengsl, komast í íþróttahús, sundlaug og fleira. einnig fara nemendur í Hofgarði með nemendum á Höfn í skóla- og námsferðir þegar tækifæri gefst. Allir nemendur fara einu sinni á skólaferlinum í menningar- og skemmtiferð til Reykjavíkur.



Lögð er áhersla á félagslega færni nemenda. Liður í því er leikræn tjáning og útgáfa á skólablaði í tengslum við árshátíð sem haldin er á hverju ári þar sem allir nemendur taka þátt í undirbúningi og stíga á svið. Fleiri skemmtanir eru haldnar í skólanum og allar með stuðningi og eða vinnuframlagi foreldra og sveitunga. Þessar skemmtanir eru fyrir alla, eru mikilvægar í samfélaginu og stuðla að bættum tengslum milli kynslóða.

Í grunnskólalögum er hverjum skóla gert skylt að skipuleggja sjálfsmat og semja sjálfsmatsáætlun skólans. Með innra mati eða sjálfsmati er átt við að starfsfólk skólans skoði þá þætti sem snúa að skólastarfinu til að finna hvar styrkur og veikleiki skólans liggur, m.a. með könnunum sem lagðar verða fyrir reglulega.

Í Grunnskólanum í Hofgarði viljum við að öll samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu, jafnrétti, tillitssemi, kurteisi og trúnaði. *Uppeldi til ábyrgðar* sem er hugmyndafræði kennd við Diane Gossen hefur verið tekin upp í skólum sveitarfélagsins og Grunnskólinn í Hofgarði leitast við að starfa í anda þeirrar stefnu. Við skipulagningu skólastarfsins eru eftirfarandi atriði höfð að leiðarljósi:

- Viðurkennt er að einstaklingar eru misjafnir og reynt að haga skólastarfinu í samræmi við þarfir og hæfileika hvers og eins. Alls ekki er ætlast til að allir séu í senn að fást við sömu viðfangsefnin.
- Áhersla er lögð á að tengja námið bæði reynslu og umhverfi nemenda.
- Nemendur eiga í senn að vera sjálfstæðir og virkir í náminu og lögð áhersla á að þjálfarar þjálfarar á að tileinka sér gagnrýna hugsun, en einnig að efla siðferðisvitund og dómgreind.
- Áhersla er lögð á góð og göfug gildi eins og kærleika, hlýðni, heiðarleika, iðjusemi, þolinmæði, metnað og ábyrgð.
- Stefnt er að því að nemendur geti sjálfir aflað sér upplýsinga og unnið sjálfstætt að verkefnum sínum.
- Lögð er áhersla á tækni- og upplýsingalæsi og að þjálfarar þjálfarar færni nemenda til að nýta tækjabúnað til þekkingaleitar og miðlunar.
- Beitt er fjölbreyttum vinnubrögðum og reynt að hafa verkefnið áhugavekjandi, fjölbreytt og áþreifanleg.
- Hlutverk kennarans er fyrst og fremst fólgið í að skipuleggja, leiðbeina og aðstoða ásamt því að miðla þekkingu.

Í Grunnskólanum í Hofgarði leggjum við jafnrétti til grundvallar. Á það jafnt við um jafnrétti kynjanna sem og jafnan rétt hvers einstaklings til að fá að þróa sig í

samfélagi þar sem hann fær notið sín á eigin forsendum, óháð þjóðerni, móðurmáli, búsetu, litarhætti, trúarbrögðum, hverskonar fötlun eða annarri sérstöðu.

Starf skólans skal tengjast samfélagi okkar og menningu en um leið skal skólinn rækta sjálfstæði sitt og sérstöðu.

Lykillinn að árangursríku skólastarfi er að allir í skólasamfélaginu beri sameiginlega ábyrgð á velferð og árangri nemenda og farsælt skólastarf byggist á góðri samvinnu heimilis og skóla.

## Fylgiskjal 2 . Spurningarlisti fyrir nemendur

### Grsk. í Hofgarði haust 2019

### Sjálfsmat

Hvernig líður þér í skólanum ?	vel	sæmilega	illa
Er þér strítt þannig að þér líði illa ?	aldrei	stundum	oft
Ert þú skilin/nn útundan í skólanum ?	aldrei	stundum	oft
Verður þú fyrir andlegu ofbeldi í skólanum ?	aldrei	stundum	oft
Verður þú fyrir líkamlegu ofbeldi í skólanum ?	aldrei	stundum	oft
Verður þú var við/vör við einelti í skólanum?	aldrei	stundum	oft
Hvernig líður þér í frímínútum?	vel	sæmilega	illa
Hvernig líður þér í skólabílnum?	Vel	sæmilega	illa

Einhverjar athugasemdir: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Nafnið þitt er: \_\_\_\_\_

### Fylgiskjal 3 . Spurningarlisti fyrir foreldra

Grunnskólinn í Hofgarði, haust 2019

Kæru foreldrar. Vinsamlegast svarið eftirfarandi könnun um barnið ykkar eftir því sem þið teljið réttast. Setjið hring utan um svörin. Ef foreldrar svara bæði og eru ekki sammála má merkja við 2 möguleika í hverri línu.

Nafn barns: \_\_\_\_\_

Barninu líður vel í skólanum	næstum alltaf	oftast	sjaldan	næstum aldrei
Barnið er jákvætt að fara í skólann	næstum alltaf	oftast	sjaldan	næstum aldrei
Barnið á góð samskipti við aðra nemendur í skólanum	næstum alltaf	oftast	sjaldan	næstum aldrei
Barnið á góð samskipti við starfsmenn skólans	næstum alltaf	oftast	sjaldan	næstum aldrei
Barninu virðist líða vel í bóklegu námi í skólanum	næstum alltaf	oftast	sjaldan	næstum aldrei
Barninu virðist líða vel í verklegu námi í skólanum	næstum alltaf	oftast	sjaldan	næstum aldrei
Barnið er ánægt og virðist líða vel í frímínútum í skólanum	næstum alltaf	oftast	sjaldan	næstum aldrei
Barnið er ánægt og sáttt í skólabílum	næstum alltaf	oftast	sjaldan	Næstum aldrei

**Annað sem þú vilt/þið viljið að komi fram um líðan barnsins þíns/ykkar í skólanum.**

---

---

## Könnun til foreldra vegna sjálfsmats 2020 – Gerið hring utan um svörin

Hvernig finnst þér ganga að fylgjast með námi barna þinna?

Mjög vel

sæmilega

illa

Hvernig myndist þér best að fylgjast með náminu/skólastarfinu/merktu við það sem þér líst best á:

Fá tölvupóst reglulega

Fylgjast með á Facebook

Nota samskiptabók (plastvasi)

Mentor

Annað: \_\_\_\_\_

Ertu sátt/ur við félagsstarf skólans?

Mjög sátt

sæmilega

ekki sátt

Er eitthvað sem þú/þið vilduð sjá í félagsstarfi skólans?

\_\_\_\_\_

Eruð þið tilbúin að taka meiri þátt í félagsstarfi skólans?

Já

nei

Ertu sáttur við samskipti við starfsfólk skólans?

skólastjóra

kennara

bílstjóra

já nei

Já nei

já nei

Spurningar vegna sjálfsmats 2020

Áhugi nemenda á námsgreinum –nafn: \_\_\_\_\_

## **Fylgiskjal 5 Skólanámskrá**

Sjá á [www.hofgardur.is](http://www.hofgardur.is)

## **Fylgiskjal 5a Heimasíðan**

Sjá á [www.hofgardur.is](http://www.hofgardur.is)

## Fylgiskjal 6 Hvað námsgreinar hafa nemendur áhuga á

Hvaða námsgrein finnst þér skemmtileg – áhugaverð

Lestur	skemmtileg	sæmileg	leiðinleg
Íslenska	skemmtileg	sæmileg	leiðinleg
Stærðfræði	skemmtileg	sæmileg	leiðinleg
Enska	skemmtileg	sæmileg	leiðinleg
Danska	skemmtileg	sæmileg	leiðinleg
Samfélagsfræði	skemmtileg	sæmileg	leiðinleg
Náttúrufræði	skemmtileg	sæmileg	leiðinleg
Smiðjur	skemmtileg	sæmileg	leiðinleg
Íþróttir	skemmtileg	sæmileg	leiðinleg

Hvaða námsgrein finnst þér skemmtilegust? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvaða námsgrein finnst þér leiðinlegust? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Annað sem þú vilt taka fram:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_